

Nd.

19. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Flutningsm.: Jón Pálmason, Gisli Sveinsson.

1. gr.

Fyrri hluti 1. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu frá 1. júlí 1933 til 31. des. 1942 leggur ríkissjóður fram allt

að 2,5 millj. kr. til sérstakrar deildar í Búnaðarbanka Íslands, sem nefnist *Kreppulánasjóður*.

2. gr.

4. liður 5. gr. laganna falli burt, svo og orðin „samhliða heilbrigðum búrekstri“ í niðurlagi 6. liðs.

3. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist þannig:

Þegar eftir að sjóðsstjórnin hefir fengið tillögur héraðsnefndar, tekur hún ákvörðun um það, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveiting. Ef lánbeiðandi á ekki eignir á móti skuldum samkvæmt skattaframtali fyrir árið 1932 eða eftir mati héraðsnefndar, þá skal sjóðsstjórnin láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun, o. s. frv.

4. gr.

Upphaf 10. gr. laganna orðist þannig:

Nú telur stjórn Kreppulánasjóðs, að umsækjandi, sem ekki á fyrir skuldum, o. s. frv.

5. gr.

Á eftir 18. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Þeir af lánbeiðendum Kreppulánasjóðs, sem eiga fyrir skuldum og 8. —18. gr. laganna tekur eigi til, geta fengið lán úr sjóðnum með þeim skilyrðum, sem sett eru í 20. gr. til greiðslu á ósamningsbundnum skuldum og skuldum, sem styttri afborgunarfrestur er á en 10 ár. Þeir menn ganga fyrir, sem að álitum sjóðsstjórnarinnar hafa örðugasta aðstöðu.

6. gr.

Fyrri málsg. 20. gr. laganna, sem verður 21. gr., orðist svo:

Stjórn Búnaðarbankans annast stjórn Kreppulánasjóðs án endurgjalds.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 78 1933 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Lögin um Kreppulánasjóð frá síðasta þingi eru þannig, að full ástæða virðist til að breyta ýmsum ákvæðum þeirra nú þegar. Sjálf sjóðsstjórnin hefir nú flutt breytingu um eitt atriði þessara laga, svo sjálfsagt virðist, að aðrar breytingar komi fyrir þetta þing. En með því að það frumvarp, sem hér er flutt, mun valda nokkrum ágreiningi, ætti það að vera til flýtis að ræða það í neðri deild, áður en tækifæri gefst til að sameina það við hitt frumvarpið.

Fyrir efnishlið þessa máls verður gerð grein í framsögu.